

Heimahópur

26. desember 2024

Trúin er dauð án verk

- + Snýst allt um lífið sem við lifum og út frá því vinnum við verkin.
- + Höfum ekki umboð nema við séum leidd af anda Guðs.
- + Altarið okkar þarf að vera hærra en óvinnarins.
- + Synir Skeva höfðu ekki valdið sem þurfti.
- + Fasta og bæn er nauðsynlegur partur.
- + Við eigum að vinna verkið, lækna sjúka, kasta út illum öndum, reisa upp dauða.

<https://www.youtube.com/watch?v=f1-mqFueBsA>

Það skiptir máli hvernig við komum fram fyrir Drottinn. Bæn réttláts manns megnar mikið.

Áður en ég fer í kennsluna sem ber yfirskriftina “Trúin er dauð án verka” ætla ég að lesa aðeins í 4 kafla í Efeseubréfinu þar sem Orðið gefur okkur mjög skýra línu varðandi það hvernig við eigum að trúa.

Vers

Efesusbréfið 4:1-14

Ég, bandinginn vegna Drottins, áminni yður þess vegna um að hegða yður svo sem samboðið er þeirri köllun, sem þér hafið hlotið. -2- Verið í hvívetna líttlátir og hógværir. Verið þolinmóðir, langlyndir og umberið hver annan í kærleika. -3- Kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins. -4- Einn er líkaminn og einn andinn, eins og þér líka voruð kallaðir til einnar vonar. -5- Einn er Drottinn, ein trú, ein skírni, -6- einn Guð og faðir allra, sem er yfir öllum, með öllum og í öllum. -7- Sérhverjum af oss var náðin veitt eftir því, sem Kristur úthlutaði honum. -8- Því segir ritningin: Hann steig upp til hæða, hertók fanga og gaf mönnum gjafir. -9- En steig upp, hvað merkir það annað en að hann hefur einnig stigið niður í djúp jarðarinnar? -10- Sá, sem steig niður, er og sá, sem upp sté, upp yfir alla himna til þess að fylla allt. -11- Og frá honum er sú gjöf komin, að sumir eru postular, sumir spámenn, sumir trúboðar, sumir hirðar og kennarar. -12- Þeir eiga að fullkomna hina heilögu og láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbyggingar, -13- þangað til vér verðum allir einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs, verðum fullþroska og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar. -14- Vér eigum ekki að halda áfram að vera börn, sem

hrekjast og berast fram og aftur af hverjum kenningarvindi, tæld af slægum mönnum með vélbrögðum villunnar.

Hebreabréfið 13:9

Látið ekki afvegaleiða yður af ýmislegum framandi kenningum.

Matteusarguðspjall 24:24

Því að fram munu koma falskristar og falsspámenn, og þeir munu gjöra stór tákni og undur til að leiða afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.

Galatabréfið 1:6-9

Mig furðar, að þér svo fljótt látið snúast frá honum, sem kallaði yður í náð Krists, til annars konar fagnaðarerindis, -7- sem þó er ekki til; heldur eru einhverjir að trufla yður og vilja umhverfa fagnaðarerindinu um Krist. -8- En þótt jafnvel vér eða engill frá himni færi að boða yður annað fagnaðarerindi en það, sem vér höfum boðað yður, þá sé hann bölvaður. -9- Eins og vér höfum áður sagt, eins segi ég nú aftur: Ef nokkur boðar yður annað fagnaðarerindi en það, sem þér hafið veitt viðtöku, þá sé hann bölvaður.

Opinberunarbókin 12:9

Og drekanum mikla var varpað niður, hinum gamla höggormi, sem heitir djöfull og Satan, honum sem afvegaleiðir alla heimsbyggðina, honum var varpað niður á jörðina, og englum hans var varpað niður með honum.

Við getum ekki trúað eins og við viljum, við erum ekki Guð og að segja "minn Guð er ekki svona", er í raun brot á fyrsta boðorðinu.

Fimmta Mósebók 7:9

Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. -8- Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér, engar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eða því, sem er á jörðu niðri, eða því, sem er í vötnunum undir jörðinni.-9- Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær, því að ég, Drottinn Guð þinn, er vandlátur Guð.

Opinberunarbókin 22:18-20

Ég votta fyrir hverjum þeim manni, sem heyrir spádómsorð þessarar bókar, að leggi nokkur við þau, mun Guð á hann leggja þær plágur, sem um er ritað í þessari bók.-19- Og taki nokkur burt nokkuð af orðum spádómsbókar þessarar, þá mun Guð burt taka hlut hans í tré lífsins og í borginni helgu, sem um er ritað í þessari bók.-20- Sá sem þetta vottar segir: Já, ég kem skjótt. Amen. Kom þú, Drottinn Jesús!

Matteusarguðspjall 24:35

Himinn og jörð munu líða undir lok, en orð mín munu aldrei undir lok líða.

Jakobsbréfið 2:14

Hvað stoðar það, bræður mínir, þótt einhver segist hafa trú, en hefur eigi verk? Mun trúin geta frelsað hann? -15- Ef bróðir eða systir eru nakin og vantar daglegt viðurværi -16- og einhver yðar segði við þau: Farið í friði, vermið yður og mettið! en þér gefið þeim ekki það, sem líkaminn þarfnast, hvað stoðar það? -17- Eins er líka trúin dauð í sjálfri sér, vanti hana verkin. -18- En nú segir einhver: Einn hefur trú, annar verk. Sýn mér þá trú þína án verkanna, og ég skal sýna þér trúna af verkum mínum. -19- Þú trúir, að Guð sé einn. Þú gjörir vel. En illu andarnir trúa því líka og skelfast. -20- Fávísi maður! Vilt þú láta þér skiljast, að trúin er ónýtt án verkanna?-21- Réttlættist ekki Abraham faðir vor af verkum, er hann lagði son sinn Ísák á altarið? -22- Þú sérð, að trúin var samtaka verkum hans og að trúin fullkomnaðist með verkunum. -23- Og ritningin rættist, sem segir: Abraham trúði Guði, og það var honum til réttlætis reiknað, og hann var kallaður Guðs vinur. -24- Þér sjáið, að maðurinn réttlættist af verkum og ekki af trú einni saman. -25- Svo var og um skækjuna Rahab. Réttlættist hún ekki af verkum, er hún tók við sendimönnunum og lét þá fara burt aðra leið? -26- Eins og líkaminn er dauður án anda, eins er og trúin dauð án verka.

Matteusarguðspjall 25:14-30

Svo er um himnaríki sem mann, er ætlaði úr landi. Hann kallaði þjóna sína og fól þeim eigur sínar. -15- Einum fékk hann fimm talentur, öðrum tvær og þeim þriðja eina, hverjum eftir hæfni. Síðan fór hann úr landi. -16- Sá sem fékk fimm talentur, fór þegar, ávaxtaði þær og græddi aðrar fimm. -17- Eins gjörði sá er tvær fékk. Hann græddi aðrar tvær. -18- En sá sem fékk eina, fór og gróf fé húsbónda síns í jörð og faldi það. -19- Löngu síðar kom húsbóndi þessara þjóna og lét þá gjöra skil. -20- Sá með fimm talenturnar gekk þá fram, færði honum aðrar fimm og sagði: Herra, fimm talentur seldir þú mér í hendur, hér hef ég grætt aðrar fimm. -21- Húsbóndi hans sagði við hann: Gott, þú góði og trúi þjónn. Yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun ég setja þig. Gakk inn í fögnuð herra þíns. -22- Þá gekk fram sá með tvær talenturnar og mælti: Herra, tvær talentur seldir þú mér í hendur, hér hef ég grætt aðrar tvær. -23- Og húsbóndi hans sagði við hann: Gott, þú góði og trúi þjónn, yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun ég setja þig. Gakk inn í fögnuð herra þíns. -24- Loks kom sá er fékk eina talentu, og sagði: Herra, ég vissi, að þú ert maður harður, sem uppsker þar, sem þú sáðir ekki, og safnar þar, sem þú stráðir ekki. -25- Ég var hræddur og fól talentu þína í jörð. Hér hefur þú þitt. -26- Og húsbóndi hans sagði við hann: Illi og lati þjónn, þú vissir, að ég uppsker þar, sem ég sáðir ekki, og safna þar, sem ég stráðir ekki. -27- Þú áttir því að leggja fé mitt í

banka. Þá hefði ég fengið það með vöxtum, þegar ég kom heim. -28- Takið af honum talentuna, og fáið þeim, sem hefur tíu talenturnar. -29- Því að hverjum sem hefur, mun gefið verða, og hann mun hafa gnægð, en frá þeim, sem eigi hefur, mun tekið verða jafnvel það, sem hann hefur. -30- Rekið þennan ónýta þjón út í ystu myrkur. Þar verður grátur og gnístran tanna

Fyrri Jóhannesarbréf 3:17-18

Ef sá, sem hefur heimsins gæði, horfir á bróður sinn vera þurfandi og lýkur aftur hjarta sínu fyrir honum, hvernig getur kærleikur til Guðs verið stöðugur í honum? -18- Börnin mín, elskum ekki með tómum orðum, heldur í verki og sannleika.

Matteusarguðspjall 10:8

Læknið sjúka, vekið upp dauða, hreinsið líkþráa, rekið út illa anda. Gefins hafið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té.

Jóhannesarguðspjall 14:12

Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau verk, sem ég gjöri. Og hann mun gjöra meiri verk en þau, því ég fer til föðurins.

Matteusarguðspjall 7:21

Ekki mun hver sá, sem við mig segir: Herra, herra, ganga inn í himnaríki, heldur sá einn, er gjörir vilja föður míns, sem er á himnum. -22- Margir munu segja við mig á þeim degi: Herra, herra, höfum vér ekki kennt í þínu nafni, rekið út illa anda í þínu nafni og gjört í þínu nafni mörg kraftaverk? -23- Þá mun ég votta þetta: Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér, illgjörðamenn.

Efesusbréfið 2:10

Vér erum smíð Guðs, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem hann hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau.